

Ársskýrsla Reykhólaskóla


ÚTGEFANDI:

REYKHÓLASKÓLI

SKÓLABRAUT 1
380

REYKHÓLAHREPPUR

Sími: 434-7806



REYKHÓLASKÓLI



ÁRSSKÝRSLA

SKÓLAÁRIÐ 2013 - 2014

JÚNÍ 2014

ÁRSKÝRSLA REYKHÓLASKÓLA SKÓLAÁRÍÐ 2013 - 2014
JÚNÍ 2014

ÚTGEFANDI: REYKHÓLASKÓLI
SKÓLABRAUT 1
380 REYKHÓLAHREPPUR
SÍMI: 434-7806
NETFANG: SKOLASTJORI@REYKHOLAR.IS
VEFFANG: REYKHOLAR.IS/SKOLI

1. FORMÁLI

Ársskýrsla Reykhólaskóla kemur nú út í fjórða sinn. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Reykhólaskóla ár hvert, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu skólans, www.reykholar.is/skoli, og á facebooksíðu skólans.

Ársskýrslunni er dreift til mennta- og menningamálanefndar, stjórnar foreldrafélagsins, hreppsskrifstofunnar og bókasafns Reykhólaskóla. Skýrslan mun einnig liggja á kaffistofu starfsmanna. Skýrslan er einnig gefin út á rafrænu formi og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

*Reykhólaskóla, júní 2014
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
skólastjóri Reykhólaskóla*

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| 1. FORMÁLI | 3 |
| 2. INNGANGUR..... | 7 |
| 3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR | 8 |
| 3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR | 8 |
| 3.2 SKÓLARÁÐ | 8 |
| 3.3 FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLADEILDAR | 8 |
| 3.4 FORELDRAFÉLAG LEIKSKÓLADEILDAR..... | 8 |
| 3.5 NEMENDARÁÐ..... | 9 |
| 3.6 NEMENDAVERNDARRÁÐ | 9 |
| 3.7 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA | 9 |
| 3.8 NEMENDAFJÖLDI..... | 9 |
| 3.9 SKÓLALÓÐ | 11 |
| 3.10 SKÓLAAKSTUR | 11 |
| 3.11 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI | 12 |
| 3.12 SKIPULAG KENNSLU | 12 |
| <i>Viðmiðunarstundaskrá & skipting námsgreina</i> | <i>12</i> |
| 4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR | 15 |
| 4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG..... | 15 |
| 4.2 NÁMSMAT..... | 16 |
| 5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR | 17 |
| 5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG. | 17 |
| 5.2 NÁMSMAT..... | 17 |
| 6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. OG 4. BEKKJAR | 18 |
| 6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG..... | 18 |
| 7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKK..... | 20 |
| 7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG..... | 20 |
| 7.2 NÁMSMAT/SÍMAT | 21 |
| 7.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF. | 21 |
| 8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKK..... | 22 |
| 8.1 HELSTU ÁHERSLUR..... | 22 |
| 8.2 NÁMSMAT/SÍMAT | 22 |
| 8.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF. | 23 |
| 9. SKÝRSLA 7.-10. BEKKJAR..... | 24 |
| 9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG..... | 24 |
| 9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG..... | 24 |
| 9.3 NÁMSMAT..... | 25 |
| 9.4 VIÐBURÐIR | 25 |
| 10. SKÝRSLA ÍPRÓTTAKENNARA..... | 26 |

| | | |
|------------|---|-----------|
| 11. | SKÝRSLA SUNDKENNARA | 27 |
| 11.1 | KENNSLUADFERÐIR | 27 |
| 11.2 | NÁMSMAT | 27 |
| 12. | SÉRKENNSLA, ÞROSKAÐJÁLFUN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI | 28 |
| 12.1 | SÉRKENNSLUTEYMI | 28 |
| 12.2 | STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA | 29 |
| 12.3 | GREININGAR | 30 |
| 12.4 | ÁBYRD SÉRKENNSLU OG FJÁRMAGN | 31 |
| 12.5 | INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR SÉRKENNSLUNNAR | 31 |
| 12.6 | INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR IÐJUPJÁLFUNARINNAR | 32 |
| 12.7 | INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR ÞROSKAÐJÁLFUNNAR | 33 |
| 13. | SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA | 34 |
| 14. | SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA. | 35 |
| 15. | SKÝRSLA MYNDMENTAKENNARA | 36 |
| 15.1 | KENNSLUADFERÐIR | 36 |
| 15.2 | NÁMSEFNI/GÖGN | 36 |
| 15.3 | NÁMSMAT | 36 |
| 16. | SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA | 37 |
| 16.1 | KENNSLUADFERÐIR | 37 |
| 16.2 | NÁMSEFNI | 37 |
| 16.3 | NÁMSMAT | 37 |
| 17. | SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA | 38 |
| 17.1 | KENNSLUADFERÐIR | 38 |
| 17.2 | NÁMSEFNI | 38 |
| 17.3 | NÁMSMAT | 38 |
| 18. | FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA | 39 |
| 18.1 | HAUSTFERÐALAG | 39 |
| 18.2 | FERÐALAG NEMENDA Í 1. – 4. BEKK | 39 |
| 18.3 | FERÐALAG NEMENDA Í 5. – 7. BEKK | 40 |
| 18.4 | FERÐALAG NEMENDA Í 8. – 10. BEKK | 41 |
| 19. | FÉLAGSSTARF | 43 |
| 20. | SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR | 45 |
| 20.1 | ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI | 45 |
| 20.2 | DAGLEGT STARF | 45 |
| 20.3 | SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA. | 46 |
| 21. | SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA | 48 |
| 22. | ÞRÓUNARVERKEFNI | 55 |
| 23. | STUNDASKRÁR | 56 |
| 23.1 | STUNDASKRÁ 1. OG 2. BEKKJAR | 56 |

| | | |
|------------|------------------------------------|-----------|
| 23.2 | STUNDASKRÁ 3. OG 4. BEKKJAR | 56 |
| 23.3 | STUNDASKRÁ 5. OG 6. BEKKJAR | 57 |
| 23.4 | STUNDASKRÁ 7. TIL 10. BEKKJAR..... | 57 |
| 24. | NIÐURSTÖÐUR | 58 |

2. INNGANGUR

Skólaárið 2013-2014 var annað skólaár nýs sameinaðs skóla eftir sameiningu leikskólans Hólabæjar og Reykhólaskóla. Skólastarfið hófst með sameiginlegum starfsdegi grunn- og leikskóladeildar. Leikskóladeildin opnaði fyrir nemendur þann 17. ágúst og skólasetning grunnskóladeildar var miðvikudaginn 21. ágúst að viðstöddum nemendum og foreldrum þeirra. Skólahald hófst samkvæmt stundaskrá strax að lokinni setningu þann sama dag. Í grunnskóladeild starfa fimm grunnskólakennarar, þar af einn sérkennari, leiðbeinandi, þroskaþjálfari, fjórir stuðningsfulltrúar og tveir skólaliðar ásamt skólastjóra. Um áramótin kom síðan inn iðjuþjálfari. Á leikskóladeild starfar leikskólakennaramenntaður deildarstjóri og tveir leiðbeinendur og um áramótin var ráðinn leiðbeinandi til viðbótar vegna fjölgunar nemenda. Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi.

Anna Greta Ólafsdóttir starfaði sem skólastjóri fram í lok nóvember en þá fór hún í fæðingarorlof og staðgengill hennar, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, tók við starfi hennar.

3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri, ágúst – nóvember 2013

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri, desember – júní 2013 – 2014

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, staðgengill skólastjóra, ágúst – nóvember 2013

Áslaug B. Guttormsdóttir, staðgengill skólastjóra, des. – jún. 2013 – 2014

Sigrún Kristjánsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar

3.2 SKÓLARÁÐ

Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, grunnskólakennari

Íris Ósk Sigþórsdóttir, hópstjóri á leikskóla

Herdís Erna Matthíasdóttir, skólaliði

Andrea Björnsdóttir, þroskaþjálfari

Sindri Júlíus Bjarnason, nemandi

Aldís Elín Alfreðsdóttir, foreldri grunnskólabarna

Ebba Gunnarsdóttir, foreldri leikskólabarna

3.3 FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLADEILDAR

Guðrún Guðmundsdóttir

Hallfríður Valdimarsdóttir

Sandra Rún Björnsdóttir

3.4 FORELDRAFÉLAG LEIKSKÓLADEILDAR

Eggert Ólafsson

Herdís Erna Matthíasdóttir

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

Samþykkt var á aðalfundi félagsins í mars 2014 að sameinast foreldrafélagi Reykhólaskóla og var það lagt niður á vordögum 2014.

3.5 NEMENDARÁÐ

Sindri Júlíus Bjarnason
Hulda Kristín Ragnarsdóttir
Bartłomiej Witkowski
Aðalbjörg Egilsdóttir

3.6 NEMENDAVERNDARRÁÐ

Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri, ágúst – nóvember 2013
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, skólastjóri, desember – júní 2013 – 2014
Áslaug B. Guttormsdóttir, sérkennari
Hrefna Hugósdóttir skólahjúkrunarfræðingur
María Játvarðardóttir, félagsmálastjóri Reykhólahrepps

3.7 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Brynjólfur Brynjólfsson, sálfræðingur
Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur

3.8 NEMENDAFJÖLDI

Nemendum fjölgaði frá árinu áður en skólaárið 2012-2013 voru 37 nemendur við grunnskóladeild skólans en þetta skólaár voru nemendur grunnskóladeildar 40 talsins. Nemendur við leikskóladeild skólans árið 2012-2013 voru 21 en voru 18 talsins í lok þessa skólaárs. Nemendur skólans voru því þetta skólaárið 58 alls. Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekk og kyni. Tafla 2 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar eftir hóp, aldri og kyni. Áætlað er að nemendafjöldi næsta skólaárs verði 40 nemendur grunnskóladeildar og 18 nemendur leikskóladeildar (líklegt er að þeim fjölgi aftur frá og með áramótum).

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar 2012-2013

| Bekkur | Fjöldi | Strákar | Stelpur | Umsjónarkennari |
|-------------------|--------|---------|---------|--|
| 1. bekkur | 7 | 6 | 1 | Steinunn Ó. Rasmus |
| 2. bekkur | 6 | 3 | 3 | Steinunn Ó. Rasmus |
| 3. bekkur | 6 | 4 | 2 | Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir |
| 4. bekkur | 6 | 5 | 1 | Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir |
| 5. bekkur | 3 | 2 | 1 | Rebekka Eiríksdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir |
| 6. bekkur | 6 | 2 | 4 | Rebekka Eiríksdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir |
| 7. bekkur | 2 | 1 | 1 | Svanborg Guðbjörnsdóttir |
| 8. bekkur | 1 | 0 | 1 | Svanborg Guðbjörnsdóttir |
| 9. bekkur | 0 | 0 | 0 | Svanborg Guðbjörnsdóttir |
| 10. bekkur | 3 | 2 | 1 | Svanborg Guðbjörnsdóttir |

Tafla 2: Sundurliðun á nemendafjölda leikskóladeildar vor 2014

| Árgangur | Fjöldi | Strákar | Stelpur | deild | Hópstjóri |
|-------------|--------|---------|---------|--------|--|
| 2013 | 2 | 0 | 2 | yngrir | Bergljót Bjarnadóttir og Lovísa Ósk Jónsdóttir |
| 2012 | 2 | 0 | 2 | yngrir | Bergljót Bjarnadóttir og Lovísa Ósk Jónsdóttir |
| 2011 | 4 | 3 | 1 | yngrir | Bergljót Bjarnadóttir og Lovísa Ósk Jónsdóttir |
| 2010 | 2 | 0 | 2 | eldri | Sigrún Kristjánsdóttir og Ágústa Bragadóttir |
| 2009 | 5 | 2 | 3 | eldri | Sigrún Kristjánsdóttir og Ágústa Bragadóttir |
| 2008 | 3 | 1 | 2 | eldri | Sigrún Kristjánsdóttir og Ágústa Bragadóttir |

3.9 SKÓLALÓÐ

Í kringum skólann er stór lóð en brýn þörf er þó á ákveðnum úrbótum. Vantar heildarskipulag lóðar. Stærstur er leikvöllur við leikskóladeild skólans. Enn hafa ekki verið gerðar úrbætur á leiktækjum grunnskóladeildar en í ábendingum frá úttektaraðilum kom fram að lækka þyrfti leiktæki á skólalóð. Samþykkt var hjá sveitarstjórn að ganga frá í kringum sparkvöll og setja upp ljós. Er það von okkar að þetta verði tilbúið fyrir skólaárið 2014-2015. Niðurstöður sjálfsmats skólans frá skólaárinu 2011-2012 sýndu fram á mikinn vilja nemenda sem og annarra í skólasamfélaginu fyrir því að skólalóðin yrði betrubætt.

3.10 SKÓLAAKSTUR

Tíu nemendur grunnskóladeildar og átta nemendur leikskóladeildar koma og fara með skólabílum. Akstursleiðir eru þrjár: Gufudalur, innsveitin og Reykjanesið. Skólabílstjórar eru Þráinn Hjálmarsson (Gufudalur), Vilberg Þráinsson (innsveitin) og Rebekka Eiríksdóttir (Staður, Reykjanesi) og Lovísa Ósk Jónsdóttir (Skerðingsstaðir, Reykjanesi). Unnið var að breyttum reglum varðandi skólaakstur sem birtar verða á næsta skólaári. Nemendum leikskóladeildar stóð til boða að þiggja auð sæti í skólabílnum.

Tafla 3 : Fjöldi nemenda sem koma og fara með skólabíl

| Akstursleið | Fjöldi | Grunnd. eikd. | Bílstjóri |
|------------------|--------|---------------|-----------------------|
| Gufudalur | | | Þráinn Hjálmarsson |
| Innsveit | | | Vilberg Þráinsson |
| Reykjanes | | | Rebekka Eiríksdóttir |
| Reykjanes | | | Lovísa Ósk Jónsdóttir |

3.11 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Við í Reykhólaskóla leggjum mikla áherslu á að vinna og læra í góðum tengslum við náttúruna og nærumhverfið enda er Reykhólaskóli skóli á grænni grein og hefur nýverið tekið til notkunar útielldhús. Við reynum að skapa andrúmsloft og umhverfi þar sem nemendum líði vel og geti þroskast og dafnað á sínum forsendum við krefjandi og áhugaverð verkefni í leik og starfi. Við leggjum einnig áherslu á að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu og veita þeim þá hvatningu og þann stuðning við ákvarðanatöku um framvindu náms sem mögulegt er, jafnframt að samvinna og jákvæðni sé aðalsmerki nemenda og starfsmanna skólans. Kjörorð skólans er „Vilji er vegur“.

3.12 SKIPULAG KENNSLU

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímamann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ & SKIPTING NÁMSGREINA

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og á milli áfanga.

Tafla 4: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011

| Námssvið - námsgreinar | 1.-4. bekkur | 5.-7. bekkur | 8.-10. bekkur | Vikulegur kennslutími |
|---|---|---|--|--|
| | Heildartími í 1.-4. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 5.-7. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 8.-10. bekk. Mínútur á viku | Heildartími í 1.-10. bekk. Mínútur á viku |
| Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál | 1.120 | 680 | 630 | 18,08% |
| Erlend tungumál; enska, danska, eða önnur Norðurlandamál | 80 | 460 | 840 | 10,27% |
| List- og verkgreinar | 900 | 840 | 340 | 15,48% |
| Náttúrugreinar | 420 | 340 | 360 | 8,33% |
| Skólaíþróttir (sund og íþróttir) | 480 | 360 | 360 | 8,93% |
| Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði | 580 | 600 | 360 | 11,46% |
| Stærðfræði | 800 | 600 | 600 | 14,88% |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 120 | 160 | 80 | 2,68% |
| Til ráðstöfunar / val | 300 | 160 | 870 | 9,90% |
| Alls | 4.800 | 4.200 | 4.440 | 100,00% |

Tafla 5: Skipting námsgreina skólaárið 2013-2014 í kennslustundum (40 mín.)

| Námsgreinar | Árgangur | | | | | | | | | |
|---------------------------|----------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|------|
| | 1.b | 2.b | 3.b | 4.b | 5.b | 6.b | 7.b | 8.b | 9.b | 10.b |
| Íslenska | 7 | 7 | 7 | 7 | 6 | 6 | 6 | 6 | | 6 |
| Stærðfræði | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | | 5 |
| Danska | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 4 | | 4 |
| Enska | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 3 | 4 | 4 | | 4 |
| Samfélagsfræði | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 | 3 | 3 | | 3 |
| Náttúrufræði | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | | 3 |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 |
| Íþróttir | 2 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 | 3 | 3 | | 3 |
| Sund | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | 1 |
| Heimilisfræði | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1,5 | 1,5 | | 1,5 |
| Hönnun og smíði | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1,5 | 1,5 | | 1,5 |
| Textíl | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | | 2 |
| Myndmennt | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | | 1 |
| Tónmennt | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | | 0 |
| Val | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | | 2 |
| Samtals | 30 | 30 | 30 | 30 | 36 | 36 | 36 | 37 | | 37 |
| Viðmið | 30 | 30 | 30 | 30 | 35 | 35 | 35 | 37 | | 37 |

4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

Nemendur í 1. bekk voru sjö talsins, 6 strákar og 1 stúlka. Samkenndsla var með 2. bekk. Umsjónarkennari hópsins var Steinunn Ó. Rasmus og kenndi hún þeim íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, textíl og tónmennt. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og upplýsingatækni, Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir kenndi samfélagsfræði og sund, Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi þeim íþróttir. Herdís E. Matthíasdóttir var með stuðning við lestur inni í bekk frá áramótum, 4 daga.

4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.

Áhersla lögð á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu og séu virkir þátttakendur í því og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir s.s. einhverfu, ofvirkni og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

Stafainnlögn var að mestu lokið við lok 2. annar. Þá voru nemendur almennt orðnir mjög sjálfstæðir í vinnubrögðum. Í lestrarkennslunni var stuðst við námsefnið Listin að lesa og skrifa, leshefti og vinnubækur ásamt ýmsu heimatilbúnu efni. Sögugerð var að jafnaði einu sinni í viku og í skrift var notað námsefni frá Hafnarfirði og forskrift frá kennara.

Í stærðfræði var Sproti 1a, 1b og 2a notað ásamt gömlu efni sem hentaði hverjum og einum.

Námsefnið í íslensku og stærðfræði var einstaklingmiðað og því hver nemandi að vinna á sínu getustigi og hraða.

Íslenska og stærðfræðin höfðu forgang á annað en náttúrufræðin var tvinnuð inn í kennsluna eftir því sem áhugi og aðstæður buðu upp á hverju sinni.

4.2 NÁMSMAT.

Námsmat var í lok hvern annar þar sem nemendur fengu umsögn en að vori var einnig gefin einkunn í lestri.

Steinunn Rasmus

5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

Nemendur í 2. bekk voru 6 talsins, 3 strákar og 3 stúlkur, og samkensla með 1. bekk. Umsjónarkennari hópsins var Steinunn Ó. Rasmus og kenndi hún þeim íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, textíl og tónmennt. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði, Rebekka Eiríksdóttir kenndi smíði og upplýsingatækni, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi samfélagfræði og sund, Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi þeim íþróttir. Herdís E. Matthíasdóttir var með stuðning við lestur inni í bekk alla daga.

5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.

Námið var einstaklingsmiðað í íslensku og stærðfræði þar sem hver nemandi fékk námsefni við hæfi.

Dagurinn hófst alltaf í heimakrók þar sem nemendur fengu tækifæri til að tjá sig. Áhersla var lögð á að nemendur kæmu vel fram hver við annan og tækju tillit hver til annars. Fjallað um margbreytileikann, að hver og einn væri einstakur, nemendur gætu verið með hinar ýmsu raskanir s.s. einhverfu, ofvirkni og að það væri eðlilegt að jafnaldrar væru ekki allir að gera það sama á sama tíma.

5.2 NÁMSMAT.

Námsmat fór fram í lok hvernar annar þar sem nemendur fengu að spreyta sig á efni tengdu námsefninu. Hraðlestrarpróf voru í lok hvernar annar.

Steinunn Rasmus

6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. OG 4. BEKKJAR

Nemendur í 3. og 4. bekk voru 12 samtals. Sex í hvorum árgangi. Kynjaskiptingin var 3 stúlkur og 9 drengir.

Umsjónarkennari hópsins var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og kenndi hún þeim íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, sund og val. Stuðningsfulltrúi var Fjóla Benediktsdóttir. Áslaug Berta Guttormsdóttir kenndi þeim ensku og val, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi þeim heimilisfræði, samfélagsfræði og upplýsingamennt, Rebekka Eiríksdóttir kenndi þeim myndmennt, smíði og val, Steinunn Rasmus sá um textílkennslu og tónmennt, Svanborg Guðbjörnsdóttir kenndi þeim íþróttir og val. Sérkennsla var í höndum Áslaugar Bertu Guttormsdóttur sérkennara, Andreu Björnsdóttur þroskaþjálfara og Söndru Rúnar Björnsdóttur iðjuþjálfara sem kom inn um áramót.

6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Á hverjum morgni var setið í heimakrók og lesin saga fyrir nemendurna. Í heimakrók lásu nemendur einnig frumsamdar sögur og verkefnið „sýna og segja frá“ og „fréttamaður vikunnar“ voru einnig kynnt þar.

Kennsluhættir voru einstaklingsmiðaðir þar sem allir voru með námsefni við hæfi og hver vann á sínum hraða. Áhersla var lögð á mikilvægi lesturs. Nemendur lásu í lestrarbókum fyrir kennara/stuðningsfullrúa einu sinni á dag. Unnið var í vinnubókum og öðrum völdum verkefnum frá kennara. Reynt var að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum liði vel. Áhersla lögð á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Einnig voru ýmiss konar uppákomur s.s. öfugsnúni-dagurinn, þar sem nemendur gengu afturábak og klæddu sig í fötin öfugt, góðverkavika, þar sem nemendur tóku til í stofunni, vináttuvika, þar sem nemendur 3. og 4. bekkjar gerðu

vinabönd fyrir alla nemendur Reykhólaskóla ásamt öðrum góðum verkum. Í vor var svo Eurovision-morgunn, þar sem nemendur hlustuðu á lögin sem voru með Íslandi í forkeppninni og dæmdu þau og spáðu í framhaldið.

Námsmat var í lok hverrar annar byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum og könnunum.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir

7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR

Nemendur í 5. bekk voru 3 í vetur. Nemendur voru í samkennslu með 6. bekk. Umsjónarkennari í ágúst til loka nóvember var Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir en í byrjun desember tók Rebekka Eiríksdóttir við bekknum. Ásta Sjöfn kenndi stærðfræði, samfélagsfræði og íslensku en Rebekka tók við samfélagsfræði og stærðfræði og Svanborg tók við íslenskunni í desember auk þess sem hún kenndi smíði og myndmennt. Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi náttúrufræði og sund. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði. Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og sá um aukabjálfun í lestri og sérkennslu. Andrea Björnsdóttir sá einnig um aukabjálfun í lestri og sérkennslu. Steinunn Ó. Rasmus kenndi textílmennnt og tónmennt.

Indíana Ólafsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum.

7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Unnið með hliðsjón af Aðalnámskrá grunnskóla. Vegna samkennslu tók kennslan eitthvert mið af því. Kennslan byggðist mikið á einstaklingskennslu þar sem allir eru með námsefni við hæfi og hver vinnur á sínum hraða. Mikil áhersla lögð á mikilvægi lesturs.

Reynt að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum líði vel. Áhersla á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Nemendur sáu sjálfir um að skrá heimanámið í skólakompur með aðstoð kennara og stuðningsfulltrúa. Nám og gleði var haldið í september en þar gafst foreldrum kostur á að kynna sér námsefnið og skipulag kennslunnar.

7.2 NÁMSMAT/SÍMAT.

Kannanir lagðar fyrir reglulega á hverri önn t.d. eftir hvern kafla og í lok annar. Einnig metin vinna nemenda á önninni.

7.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF.

5. bekkur tók þátt í fullveldishátíðinni og árshátíð skólans. Einnig stóð nemendum til boða að taka þátt í félagsstarfi því er Rebekka Eiríksdóttir og Elísabet Valdímarsdóttir sáu um. Síðast en ekki síst var haldið upp á afmæli nemenda, en þá var öllum stofufélögunum boðið upp á veitingar.

Rebekka Eiríksdóttir

8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR

Nemendur í 6. bekk voru 6 í vetur. Nemendur voru í samkennslu með 5. bekk. Umsjónarkennari kenndi stærðfræði, samfélagsfræði, tölvur, myndmennt og smíði (sjá skiptingu á umsjón með bekkjunum í greinagerð með 5. bekk). Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir kenndi náttúrufræði og sund. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði. Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og sá um aukapjálfun í lestri. Steinunn Ó. Rasmus kenndi textílmennt og tónmennt.

Indíana Ólafsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum fram til áramóta.

8.1 HELSTU ÁHERSLUR.

Unnið með hliðsjón af Aðalnámskrá grunnskóla. Vegna samkennslu tók kennslan eitthvert mið af því. Kennslan byggðist mikið á einstaklingskennslu þar sem allir eru með námsefni við hæfi og hver vinnur á sínum hraða. Mikil áhersla lögð á mikilvægi lesturs.

Reynt að skapa jákvætt andrúmsloft og að nemendum líði vel. Áhersla á að fara að fyrirmælum og vinna sjálfstætt.

Skipulag. Nemendur sáu sjálfir um að skrá heimanámið í skólakompur með aðstoð kennara og stuðningsfulltrúa. Nám og gleði var haldið í september en þar gafst foreldrum kostur á að kynna sér námsefnið og skipulag kennslunnar.

8.2 NÁMSMAT/SÍMAT.

Kannanir lagðar fyrir reglulega á hverri önn t.d. eftir hvern kafla og í lok annar. Einnig metin vinna nemenda á önninni.

8.3 SKEMMTANIR/FÉLAGSLÍF.

6. bekkur tók þátt í fullveldishátíðinni og árshátíð skólans. Einnig stóð nemendum til boða að taka þátt í félagsstarfi því er Rebekka Eiríksdóttir og Elísabet Valdimarsdóttir sáu um. Síðast en ekki síst var haldið upp á afmæli nemenda en þá var öllum stofufélögunum boðið upp á veitingar.

Rebekka Eiríksdóttir

9. SKÝRSLA 7.-10. BEKKJAR

Nemendur í 7.-10. bekk voru alls 6 en tveir nemendur voru í 7. bekk, einn í 8. bekk og þrír nemendur í 10. bekk (einn þeirra var aðeins hluta úr vetri) og einn hóf skólagöngu hér í lok október.

Kennarar bekkjarins voru Svanborg Guðbjörnsdóttir umsjónarkennari sem kenndi íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og íþróttir. Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir kenndi náttúrufræði og sund. Áslaug B. Guttormsdóttir kenndi ensku og dönsku. Rebekka Eiríksdóttir kenndi myndmennt, upplýsingamennt og smíði. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi heimilisfræði og Steinunn Rasmus kenndi textíl.

Stuðningur inni í bekk var í stærðfræði og tungumálum, alls 4 tímar á viku, en um hann sáu Áslaug B. Guttormsdóttir sérkennari, Andrea Björnsdóttir þroskaþjálfari og Fjóla Benediktsdóttir stuðningsfulltrúi.

9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og upp úr henni var unnin bekkjarnámskrá sem unnið var eftir. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín og töluvert gert í því að hnoða hópinn betur saman. Nýta fámenni bekkjarins til þess að einstaklingsmiða námið og sníða það að þörfum hvers og eins. Reynt var að nota fjölbreytileg verkefni og kennsluaðferðir.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, fyrir og eftir áramót.

9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum.

Nemendur unnu mikið sjálfstætt en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlögð á töflu, samvinnunám, lausnaleytnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

9.3 NÁMSMAT

Var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, áfangaprófum og formlegum annarprófum.

9.4 VIÐBURÐIR

Nemendur í 8. og 10. bekk tóku þátt í smíðjuhelgum sem voru fyrir og eftir áramót.

Nemendur fóru hálfan dag á Hólmavík og hlustuðu á fyrirlestur frá BUGL og tóku þátt í umræðum.

Nemendur í 8. og 10. bekk fóru á 4 dansleiki utan sveitarfélagsins.

Opið hús var hálfsmánaðarlega fyrir krakkana þar sem ýmislegt var gert til skemmtunar. Umsjónarmaður með félagsstarfinu var Rebekka Eiríksdóttir þar til 1. febrúar, þá tók Elísabet I. Valdimarsdóttir við.

Leynivinavika/gjafaskipti var haldin í febrúar hjá 7.-10 bekk ásamt 5.-6. bekk þar sem tilgangurinn var að bæta samskipti og umburðarlyndi.

10. bekkur tók samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði dagana 17.-19. sept. og 7. bekkur íslensku og stærðfræði 20.-21. sept.

Verknámsneminn Aldís Elín Alfreðsdóttir var hjá okkur í febrúar/mars og vann með nemendum ýmis skemmtileg verkefni.

Svanborg Guðbjörnsdóttir

10. SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA

Samkennsla var hjá 5 ára og 1. bekk, 2.-4. bekk, 5.-10. bekk.

Kennslustundir voru 2 tímar á viku í 40 mín. hjá öllum nema 5.-10. bekk, þar voru kennslustundirnar 3 tímar í viku í 40 mín.

Íþróttakennsla fór fram í íþróttahúsinu og var lögð áhersla á leiki, boltaíþóttir, styrktaræfingar, þol, snerpu og liðleika.

Kennari var Svanborg Guðbjörnsdóttir.

11. SKÝRSLA SUNDKENNARA

Samkennsla var í 1. og 2. bekk, alls 13 nemendur. Kennari var Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Andrea Björnsdóttir kom sem stuðningur fyrir tvo nemendur og tók hún þá til skiptis í sundtímum. Dís Sverrisdóttir og Friðrún Gestsdóttir fylgdu nemendum einnig eftir. Samkennsla var í 3. og 4. bekk, alls 12 nemendur, og 5.-10. bekk, alls 15 nemendur. Kennarar voru Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Rebekka Eiríksdóttir. Kennslustundir voru 1 tími á viku í 40 mín.

(Frá ágúst fram í nóvember var 1. bekkur sér í sundi og 2.-4. bekk kennt saman. Það gafst ekki vel þar sem fjöldinn var of mikill. Í nóvember var þessu því skipt eins og ofar segir).

11.1 KENNSLUADFERDIR

Kennsla fór fram í Grettislaug og var stuðst við samræmd sundstig fyrir grunnskóla og námsáætlun unnin út frá þeim. Sýnikennsla var á bakka eða kennari var ofan í laug.

11.2 NÁMSMAT

Nemendur fengu skriflegt námsmat á haust- og miðönn. Á vorönn var unnið út frá samræmdum sundstigum fyrir grunnskóla og einkunn unnin út frá þeim.

12. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN OG ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

Veturinn 2013-2014 var formlega stofnað teymi sérkennslumála við Reykhólaskóla; í því sátu skólastjóri Anna Greta Ólafsdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, en hún tók við skólastjórastöðunni í barneignarleyfi Önnu Gretu, Andrea Björnsdóttir þroskaþjálfari, Áslaug B. Guttormsdóttir sérkennari og frá áramótum bættist við liðsauki, Sandra Rún Björnsdóttir.

Skólastjóri er yfirmaður sérkennslumála við Reykhólaskóla og stjórnar fundum sérkennsluteymis, svo og öðrum fundum sem varða sérkennslumál og heldur utan um fundargerðir.

12.1 SÉRKENNSLUTEYMI

Ákveðið var að ráðast í gagngerar breytingar á sérkennslu- og stuðningsúrræðum veturinn 2013-2014, sem fólust í aukinni samvinnu sérkennara og þroskaþjálfara og stofnun svokallaðs sérkennsluteymis með skólastjóra, sérkennara og þroskaþjálfara sem funduðu vikulega á þriðjudögum eftir hádegi. Sérkennslan styrktist og starfskraftar nýttust betur og auk þess bættist iðjuþjálfari í sérkennsluteymið eftir áramót, sem var mikill liðsauki eins og fram hefur komið.

Einnig var ákveðið, í ljósi breytinga, að ráðast í gagngerar umbætur á sérkennsluherbergjum, heiti þeirra var breytt í *Vinnuver* og þau urðu tvö, þ.e. annað á neðri vistinni og „gamla“ sérkennsluherbergið á neðsta gangi. Herbergin voru bæði máluð, þangað komu læstir skápar, stór spegill settur upp í því neðra og herbergin öll fegrðu og þeim breytt. Sérkennslugögn voru keypt og mikið búið til úr ýmsu verðlausu efni. Óskað var eftir fjármagni til innkaupa á sérkennslugögnum og fékkst það greiðlega kr. 25.000 yfir skólaárið.

Að vori skilaði sérkennsluteymið af sér skriflegri samantekt/mati yfir þann stuðning sem hver nemandi hafði hlotið yfir skólaárið. Samantektin var prentuð

út og barst foreldrum í hendur með einkunnaskírteini á skólaslitunum þann 22. maí 2014.

Sérkennsluteymið fundaði einu sinni í viku í 40-60 mínútur í senn. Sérkennsluteymið fundaði með umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum fatlaðra nemenda tvisvar sinnum í mánuði í 60 mínútur í senn eða allt að 36 fundi á skólaárinu. Sömuleiðis fundaði sérkennsluteymið með foreldrum fatlaðra nemenda, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúum 5 sinnum á ári í 60 mínútur í senn; að vori og hausti og við lok 1., 2. og 3. annar. Alls gerir þetta 10 fundi yfir skólaárið. Þá fundaði sérkennari með sérfræðingum skólans 2 sinnum yfir árið og sat skilafundi, u.þ.b. 8 klukkustundir 2 sinnum á skólaárinu eða 16 klukkustundir alls.

Þá fóru skólastjóri, sérkennari, þroskaþjálfari og einn stuðningsfulltrúi í skólaheimsókn í Klettaskóla til að fá fleiri hugmyndir og sjá það nýjasta sem gerist varðandi sérkennslu í dag. Sú ferð var frábær í alla staði og innspýting fyrir sérkennsluteymið, bæði hvað varðar sérkennslugögn og kennsluáferðir. Mikið af myndum voru teknar þann dag og geymdar í mynda- og hugmyndabanka fyrir sérkennsluteymið.

Vert er að upplýsa foreldra um að fjármagn til sérkennslumála fylgir einungis nemendum með greiningar frá Greiningarstöð ríkisins og BUGL og þurfa greiningarnar að uppfylla ákveðin viðmið. Önnur sérkennsla er greidd af sveitarfélaginu.

12.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI REYKHÓLASKÓLA

Stuðningsúrræði við nemendur í grunnskóladeild veturinn 2013-2014 voru sérkennsla, þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og stuðningur inni í samkennsluhópum. Stuðningsúrræði við nemendur í leikskóladeild voru þroskaþjálfun og iðjuþjálfun.

Áslaug B. Guttormsdóttir ber faglega ábyrgð á sérkennslumálum við grunnskóladeild og var með 14 kennslustundir eða í rúmlega 50% stöðu sem sérkennari á móti annarri kennslu. Andrea Björnsdóttir var í 90% stöðu sem

þroskajálfi. Um áramótin var Sandra Rún Björnsdóttir ráðin í 40% stöðu iðjubjálfa við sameinaðan leik- og grunnskóla. Andrea og Sandra hafa sinnt nemendum bæði í leik- og grunnskóladeild veturinn 2013-2014.

Fjórir stuðningsfulltrúar störfuðu við skólann, en það eru Indiana Svala Ólafsdóttir, Fjóla Benediktsdóttir, Dísa Sverrisdóttir og Friðrún Hadda Gestsdóttir.

12.3 GREININGAR

Nemendur með greiningar og/eða sem nutu þjónustu sérkennsluteymis voru 25 í grunnskóladeild eða 62,5% nemenda í grunnskóladeild.

Nemendur með greiningar og/eða sem nutu þjónustu þroska- og/eða iðjubjálfa voru 2 í leikskóladeild eða 11 % nemenda í leikskóladeild.

Áætlaður fjöldi nemenda í leik- og grunnskóladeild með greiningar og/eða sem koma til með að njóta þjónustu sérkennsluteymis skólaárið 2014-2015 er svipaður.

Sérkennslutímum og tímum hjá þroska- og iðjubjálfa var skipt sem jafnast milli nemenda með sérþarfir og/eða eftir einstaklingsmiðaðri þörf hvers og eins vegna raskana.

Nemendur með frávík í námi fengu annað hvort skert eða aðlagð námsefni, þ.e. reynt var að koma til móts við þá á þann hátt að þeir gætu sem best fylgt bekkjarfélögum sínum eftir í einstaka námsgreinum. Til að styðja nemendur inni í bekk voru stuðningsfulltrúar ráðnir til aðstoðar í öllum samkennsluhópum nema þeim elsta, þ.e. í 1. og 2. bekk, 3. og 4. bekk og 5. og 6. bekk. Stuðningsfulltrúar voru inni í bekkjardeildum til að aðstoða kennara og vera einstaka nemendum, með námsfrávík og/eða fatlanir, sérstakur stuðningur og/eða styðja samkennsluhópana í heild.

Til að mæta nemendum sem aðstoð þurftu í 7.-10. bekk var þroskajálfi/sérkennari/stuðningsfulltrúi inni í bekk 4 sinnum í viku í tungumálum og stærðfræði. Aðstoð við próftöku/verkefni var einnig í boði í öllum bekkjum, t.d. fólst aðstoðin í upplestri á prófi, skrifað var fyrir nemendur

og/eða prófspurningar umorðaðar og útskýrðar upp að vissu marki. Slík próf eru tekin í einrúmi og próftími lengdur.

12.4 ÁBYRD SÉRKENNSLU OG FJÁRMAGN

Ýmis önnur verkefni voru í höndum sérkennara, s.s. að halda utan um greiningargögn í samráði við skólastjóra, taka saman greiningar í skjal að hausti og að vori, skrifa kafla um sérkennslumál í ársskýrslu, ásamt þroska- og iðjubjálfa, að halda utan um sérkennslustofu/sérkennslugögn, sjá um innkaup á sérkennslugögnum, hafa samband við sérfræðinga og undirbúa heimsóknir þeirra í samráði við skólastjóra, funda með sérfræðingum við komu, sitja skilafundi með þeim og foreldrum, skila greiningargögnum til foreldra um leið og þau berast frá sérfræðingum og vera í sambandi og samstarfi við aðrar stofnanir s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL, og talmeinafræðinga. Einnig að sjá um að ganga frá frávikum varðandi samræmd próf, í samráði við skólastjóra, og aðstoða nemendur með greiningar í samræmdum prófum, ef þurfa þykir. Þá hefur sérkennari aðstoðað við að lestrarprófa á annarskiptum. Þá situr sérkennari nemendaverndarráðsfundi með skólastjóra, skólahjúkrunarfræðingi og félagsmálafulltrúa. Sérkennari hefur haft samráð við framhaldsskóla og haldið fræðsluerindi fyrir foreldra á námskynningu að hausti. Aðstoð og upplýsingar til kennara og stuðningsfulltrúa eru einnig hluti af starfssviði hans. Gerð einstaklingsnámskráa er í höndum umsjónarkennara með aðstoð og leiðsögn sérkennara sem er unnin í samstarfi við foreldra, sérkennsluteymi og stuðningsfulltrúa, eftir atvikum, og að undangengnum fundi/fundum með hlutaðeigandi.

12.5 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR SÉRKENNSLUNNAR

Dyslexia/sértæk lestrarröskun er einn helsti vandi nemenda í grunnskóladeild og hefur megináhersla sérkennslunnar verið fólgin í lestrar- og skriftarþjálfun allt að 4 sinnum í viku í vetur, upp í 7. bekk. Samhliða lestrarþjálfun voru nemendur

þjálfaðir í hlustun og lesskilningi. Þá tóku allir nemendur þátt í ritunarverkefnum í október og í febrúar. Jafnframt var lögð áhersla á að efla ýmsa þætti s.s. sjónrænt og heyrnrænt minni, rökhugsun, hugtakaskilning s.s. stærð/lögun/lit, útsjónarsemi, athygli/einbeitingu, snerpu, jafnvægi, talnaskilning, máltjáningu/orðaforða og spilaleikni. Ýmis sérkennslugögn s.s. spil/púsl/leikir/verkefni voru notuð til eflingar hverjum einstaklingi fyrir sig.

Nemendur lásu: 3026 blaðsíður alls í vetur hjá sérkennara og þroskaþjálfva; með hljóðaaðferð, endurtekningar- og víxllestri. Að auki bætist við þjálfun í yndislestri en þeim bls. var ekki haldið saman.

Nemendur skrifuðu: Ríflega 1000 rétt stafsett orð með aðstoð sérkennara/þroskaþjálfva, unnið var sérstaklega með stafsetningu og áhersla lögð á gæði ritunar umfram magn.

Allir nemendur eru í framför í þeim þáttum sem sérkennslan hefur beinst að, misjafnlega mikilli, sem fer eftir hömlun/röskun hvers og eins nemanda.

12.6 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR IÐJUÞJÁLFUNARINNAR

Í iðjuþjálfun felst sérþekking á daglegri iðju mannsins. Þá er átt við allt sem fólk innir af hendi í daglegu lífi í þeim tilgangi að annast sig og sína. Iðjuþjálfun snýst um að efla og viðhalda færni barna í athöfnum sem eru mikilvægar fyrir þau. Lögð er áhersla á að þjálfun fari fram í gegnum leik þar sem aðal iðja barna á þessum aldri er leikurinn.

Frá því í janúar 2014 hafa ellefu nemendur verið í almennri iðjuþjálfun í Reykhólaskóla, einn úr leikskóladeild og 10 úr grunnskóladeild. Aðaláherslan í þjálfuninni hefur verið á fín- og grófhreyfingar og að efla samhæfingu í hreyfingum. Einnig hefur verið unnið með einbeitingu, athygli og úthald við verkefnavinnu, rökhugsun, samhæfingu augna og handa, jafnvægi, minni, talnaskilning, pörun og snerpu. Í þjálfuninni hefur auk þess verið unnið með stærð og lögun hluta og liti. Til þess að þjálfva ofangreind atriði hafa verið notuð ýmis spil, leikföng, hlutverkaleikir, æfingar og verkefni.

12.7 INNTAK OG ÁHERSLUÞÆTTIR ÞROSKAÞJÁLFUNNAR

Þroskaþjálfar eru fagstétt sem sérstaklega hafa menntað sig til að starfa með fólki á öllum aldri sem býr við mismunandi skerðingu, svo sem andleg eða líkamleg eða skerta félagsfærni. Þroskaþjálfun byggir á breiðum fræðilegum grunni sem grundvallast m.a. í uppeldis-, félags, heilbrigðis-, sálar- og siðfræðum.

Þroskaþjálfari vinnur með teyllum skólans, að þjálfun og stuðningi bæði við einstaka nemendur og námshópa.

Frá skólabyrjun hafa átta nemendur hitt þroskaþjálfara, sex úr grunnskóladeild og tveir úr leikskóladeild. Þess fyrir utan hefur þroskaþjálfari unnið í samvinnu með sérkennara með hópa. Í einstaklingstímum hefur verið unnið með fínhyringar, samhæfing augna og handa. Athygli og einbeiting var æfð með það í huga að auka úthald við ýmsa verkefnavinnu. Ennfremur var félagsfærni, samskipti, málörvun og tjáskipti æfð. Þroskaþjálfari útbyr ýmskonar þjálfunar- og námsgögn, í samvinnu með sérkennara.

Við þetta voru notuð spil, ýmskonar verkefni, hlutverkaleikir og eftirherma.

Unnið var í nokkrum verkefnum í CAT-kassanum eftir Kirsten Callesen, Annette Møller Nielsen, Tony Attwood. Cat-kassinn er sérstaklega þróaður til að auðvelda samræður við börn og unglina.

Einnig voru unnin verkefni úr bókinn I Am Special eftir Peter Vermeulen. Bókin miðar að því að efla einstaklinga í sjálfsvitund og öryggi. Þar er líka unnið með líkamsvitund og þannig sýnt fram á að við erum ekki eins hvorki líkamlega né andlega.

13. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA

Nemendum í 1.- 4.bekk var skipt í þrjá hópa, hver hópur var eina önn, tvo tíma í viku, 1. bekkur var saman í hóp en 2.-4. bekk var blandað á hópa. 5.-6. bekkur og 7.-10. bekkur voru allan veturinn, 2 tíma í viku.

Í textíl var skapandi vinna höfð að leiðarljósi, nemendum leiðbeint með ákveðin vinnubrögð en fengu oft frjálsar hendur með verkefnaval.

Í haust var strax ákveðið að nýta gamalt og notað efni til þess að sauma svuntur fyrir heimilisfræðina og nemendur í 5.-10. bekk saumuðu allir svuntur og afhentu þær til heimilisfræðikennarans á Fullveldishátíð skólans.

Heldur varð tíminn hjá 1.-4. bekk rýr, þ.e. hann nýttist frekar illa. Ein önn er ansi lítið.

1.bekkur

- teiknaði sjálfsmýnd á striga og saumaði þræðispor í helstu útlínur
- fingraprjónaði
- frjáls hönnun úr efnisafgöngum

2.- 4.bekkur

- Haustmynd á óbleiað léreft og saumað út í
- vélsaumsæfingar á blöð og einföld verkefni í saumavél
- garðaprjón, fingraprjón, frjáls útsaumur og frjáls hönnun

5. – 6. bekkur

- Vélsaumur: náttbuxur, púðaver, bútasumur – teppi, svuntur, buddur, dúkar –
- Allir í 5.-6. bekk saumuðu svuntur fyrir heimilisfræði
- Barnaföt úr flísefni
- Einföld prjónaverkefni, svitabönd, eyrnabönd, dýr og fleira

7.-10. bekkur

- Vélsaumur: Snyrtibudda, teppi, fataviðgerðir, púðaver, grillhanskar
- Allir í 7.-10. bekk saumuðu svuntur fyrir heimilisfræði
- Hekluð hárbönd og gosvettlingur prjónaður

14. SKÝRSLA TÓNMENTAKENNARA

Sungið, teiknað eftir tónlist, hlustað á ýmsar tegundir tónlistar, túlkað, rætt um upplifun af tónlist, samdir nýir textar við þekkt lög.

Lög úr gömlum söngvakeppnum skoðuð og höfðu nemendur almennt mjög gaman af því.

Nemendur voru almennt áhugasamir og sýndu alls konar tónlist áhuga.

15. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

Myndmennt er kennd í 1.-10. bekk og í 80 mínútur í senn. Samkennsluhópar skiptast þannig að 1.-2. bekkur, 3.-4. og 5.-6. bekkur eru saman. 7.-10. bekkur fær 60 mínútur á viku eftir áramót. Myndmennt kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

15.1 KENNSLUADFERÐIR

Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Verkefnin eru útskýrð og nemendum er kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Verkefnin eru oftast unnin sem einstaklingsverkefni, einnig eru gerð hópaverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Einnig er leitast við að nýta sér tölvutækni til upplýsingaöflunar og verkefnavinnu.

15.2 NÁMSEFNI/GÖGN

Notast er við tölvur, m.a. við að afla upplýsinga um listamenn og verk þeirra, og einnig til að finna myndir til að vinna eftir. Stuðst við kennslubækurnar myndmennt 1 og 2, sem og listaverkabækur.

15.3 NÁMSMAT

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni nemenda svo og umgengni í vinnustofu.

16. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

Samkenndluhópar í smíði voru þannig að 1.-4. bekk var skipt í þrjá hópa og hver hópur er í smíði í eina önn. 5.-6. bekkur fá 80 mínútur á viku. 7.-10. bekkur fékk 60 mínútur á viku eftir áramót. Smíði kenndi Rebekka Eiríksdóttir.

16.1 KENNSLUADFERÐIR

Verkefnavinnu er þannig háttáð að kennari leggur fyrir skylduverkefni og að því loknu velur nemandi sér valverkefni. Verkefnin skiptast þannig í skyldu- og valverkefni. Verkefnin eru skipt eftir getustigi nemenda, útskýrð eru kennslugögn, efni og áhöld, og nemendur eru aðstoðaðir eftir þörfum. Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Farið er yfir heiti á verkfærum og öryggisatriði.

16.2 NÁMSEFNI

Stuðst er við kennslubækur í smíði, ýmsar bækur með hugmyndum að smíðahlutum sem og verkefnabrunna á vefnum.

16.3 NÁMSMAT

Verk nemenda eru metin til einkunna. Símat er í gangi allan veturinn. Einnig er tekin til greina virkni nemenda svo og umgengni í vinnustofu.

17. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

Samkennsluhópar í heimilisfræði voru þannig að 1.-4. bekk var skipt í þrjá hópa og var hver hópur í heimilisfræði í eina önn. 5.-6. bekkur fékk 80 mínútur á viku. 7.-10. bekkur fékk 160 mínútur á viku fyrir áramót. Heimilisfræði kenndi Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

17.1 KENNSLUADFERDIR

Verkefnum var hagað eftir getu nemenda hverju sinni. Áhersla hjá yngsta stigi var á almennt hreinlæti, fara eftir einföldum fymælum og öðluðust færni í mælingum. Nemendur á miðstigi voru látnir elda einfaldar uppskriftir og tileinka sér helstu matreiðslu- og bökunaraðferðir. Lögð var áhersla á frágang í eldhúsi og umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru. Nemendur á unglingsstigi fengu ögn flóknari uppskriftir og þurftu að leggja sig fram við að skipuleggja tímann sinn í eldhúsinu.

17.2 NÁMSEFNI

Stuðst var við kennslubækur í heimilisfræði frá Námsgagnastofnun og annað efni frá kennara.

17.3 NÁMSMAT

Verk nemenda voru metin til einkunna. Símat var í gangi allan veturinn. Einnig var tekin til greina virkni nemenda svo og umgengni í eldhúsi.

18. FERÐALÖG Á VEGUM REYKHÓLASKÓLA

Í Reykhólaskóla er farið í haustferðalag og eftir að skólastigin voru sameinuð hafa nemendur leikskóladeildar farið með. Á vorin er einnig farið í skólaferðalög fyrir nemendur í grunnskóladeild. Ferðalögin þar hafa verið í föstum skorðum síðastliðin ár. Nemendur í 1.-4. bekk fara í dagsferð í nágrenni Reykhóla/Reykhólahrepps. Nemendur í 5.-7. bekk fá að gista í eina nótt. Nemendur í 8.10. bekk gista í tvær nætur að undanskildu á þriggja ára fresti þegar þau fara til Danmerkur.

18.1 HAUSTFERÐALAG

Haustferð var farin 2. október í Barmahlíð. Gengið var um skógrækt frá hliði og að læknum. Þeir sem treystu sér fóru upp með læknum og skoðuðu sig um þar en yngri nemendur og leikskóli hittust niður við veg og svo var haldið niður í fjöru til að grilla og leika sér. Nemendur í 1.-10. bekk enduðu svo daginn á að fara í sund.

Starfsmenn Reykhólaskóla sáu um akstur. Yngstu nemendur leikskólans voru í barnabakpokum hjá mæðrum sínum en eldri nemendur skólans hjálpuðu mikið til við að koma leikskólabörnum milli staða.

18.2 FERÐALAG NEMENDA Í 1.-4. BEKK

Skólaferðalag 1.-4. bekkjar var í Dalina þriðjudaginn 20. maí. Lagt var af stað frá Reykhólaskóla kl. 9 og stoppað fyrst í MS í Búðardal. Þar fengu nemendur, foreldrar og kennarar skoðunarferð um vinnslusali MS og í lokin voru allir leystir út með smá glaðning. Þaðan lá leiðin að Eiríksstöðum þar sem vel var tekið á móti okkur. Saga Eiríks rauða sögð með miklum tilþrifum og munir í líkingu við þá sem Eiríkur átti skoðaðir og prófaðir. Síðasta stopp var svo á Laugum í Sælingsdal þar sem nemendur léku sér á útisvæði rétt við sundlaug og enduðu svo í sundi. Heimkoma var um kl. 16.

Foreldrar og kennarar sáu um akstur. Nemendur tóku með sér nesti en boðið var upp á svala og kex að loknu sundi.

18.3 FERÐALAG NEMENDA Í 5.-7. BEKK

Sunnudagurinn 1. júní

Lagt af stað frá Reykhólaskóla kl 10. Keyrt á Þingvelli með sjoppustoppi í Borgarnesi. Skoðuðum Öxarárfoss og Peningagjá. Síðan var keyrt að Geysi og Gullfossi. Rölt þar um og allt skoðað gaumgæfilega. Að lokum var keyrt í Hveragerði þar sem við vorum búin að fá fría gistingu í skólaseli grunnskólans í Hveragerði. Um kvöldið fóru krakkarnir út að leika sér og svo í göngutúr. Allir komnir þreyttir og sælir í ró um kl. 24.

Mánudagurinn 2. júní

Húsinu skilað hreinu og fínu. Kjörís heimsótt þar sem við fengum að kynnst framleiðslunni hjá þeim, skoðuðum myndband og allir fengu ís og buff. Keyrðum á Selfoss og borðuðum á Hamborgarabúllunni. Síðan var keyrt á Stokkseyri og þar farið á Drauga-, álfa-, trölla-, og norðurljósasafnið. Þar var mikið öskrað og allir skemmtu sér konunglega. Kíktum svo á veiðisafnið og sáum fullt af uppstoppuðum dýrum sem krakkarnir hafa ekki séð áður. Síðast á dagskránni var að fara í sund á Þorlákshöfn (sundlaugarnar í Hveragerði og Selfossi voru lokaðar). Að sundferðinni lokinni fengu allir sér pylsu og svala og lagt var af stað heim á leið. Komum heim um kl. 22.

Fyrirkomulag ferðarinnar:

Krakkarnir komu með nesti fyrir sunnudaginn og morgunmat fyrir mánudaginn. Allir borguðu 2.000 kr í ferðina og fengu að hafa með sér 3.000 kr í vasapening. Keyptum smá auka nesti sem kom sér vel, s.s. svala, snúða og banana. Fengum litla rútu frá Sveini á Staðarfelli sem Inda sá um að keyra.

Kostnaður

| | |
|--------------|---------|
| Rúta | 150.000 |
| Draugasafnið | 11.000 |

| | |
|----------------|--------|
| Auka nesti | 2.900 |
| Veiðisafnið | 7.150 |
| Pylsupartí | 6.110 |
| Hamborgararnir | 21.000 |
| Samtals | 48.160 |

Mjög vel heppnað skólaferðalag og krakkarnir alsælir bæði með náttúruperlurnar, söfnin og Kjörís. Ef setja á út á eitthvað þá er það frekar langur akstur, en krakkarnir kvörtuðu ekki, og e.t.v. að kaupa máltíð báða dagana en þó ekki nauðsynlegt.

18.4 FERÐALAG NEMENDA Í 8.-10. BEKK

Skólaferðalag nemenda í 8.-10. bekk var að þessu sinni til Danmerkur. Nemendur í unglingadeild voru 4 talsins. Farið var 16. maí og komið heim 21. maí. Ákveðið var að Áslaug Guttormsdóttir dönskukennari og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri færu sem starfsmenn í þessa ferð. Einnig stóð foreldrum til boða að koma með og ákvað eitt foreldri að slást í för.

Að þessu sinni var ekki farið í skólaheimsókn í Danmörku. Ástæðan var fámenni hópsins og ekki hefur verið samstarf við skóla í Danmörku. Farið var til Kaupmannahafnar og nemendum leyft að upplifa þar ýmsa hluti sem þeir eiga ekki kost á hér á Íslandi.

Vegna verkfalls flugmanna seinkaði ferð nemenda um 12 tíma og var hópurinn því ekki kominn til Kaupmannahafnar fyrr en kl. 7 á laugardagsmorgni.

Laugardagur: Farið var á Hótel Løven sem er í miðbæ Kaupmannahafnar. Byrjað var á því að fara á hótelið og sofa úr sér flugpreytuna. Lagt var af stað frá hótelinu fótgangandi kl. 14 niður Strikið og út að Nyhavn, þar sem farið var í klukkutíma siglingu þar sem helstu kennileiti Danmerkur voru skoðuð. Að þeirri

ferð lokinni spókuðu nemendur sig á Strikinu. Kennarar sáu um kvöldverð fyrir nemendur heima á hótelinu.

Sunnudagur: Lagt var af stað í strætó á Vísindasafnið í Kaupmannahöfn, þar fengu nemendur að njóta sín og prófa ýmiss konar hluti í næstum 4 klukkutíma. Veðrið var ekki sem best og ákveðið var að skella sér í verslunarmiðstöðina Fields. Þangað var farið með lest. Kennarar sáu um kvöldverð fyrir nemendur heima á hóteli.

Mánudagur: Byrjað var á því að fara í dýragarðinn í Kaupmannahöfn. Nauðsynlegt er að vera með skólaskírteini til þess að fá skólaafslátt fyrir nemendur. Þar var hægt að finna ýmiss konar dýrategundir frá öllum heimshornum. Eftir dýragarðsferðina var farið aftur á Ráðhústorgið og var safnið „Ripleys – belived or not“ skoðað. Nemendur fengu svo frjálstan tíma til kl. 18 og notuðu hann til að skoða sig um á Strikinu. Ákveðið var að fara í pítsuhlaðborð um kvöldið.

Þriðjudagur: Komið var í Tívolí kl. 11.30. Voru öll tæki prófuð, allt frá Parísarhjólínu að fallturninum. Um kvöldið var borðað á Hard Rock en þar er innangengt frá Tívolí. Það voru þreyttir nemendur sem komu heim á hótél kl. 22 eftir 10 tíma dvöl í Tívolí.

Miðvikudagur: Vaknað var um nóttina eða kl. 4.30 að dönskum tíma. Ákveðið var að labba að lestarstöðinni með töskurnar og fara þaðan á flugvöllinn. Flugferðin tókst mjög vel og lentum við á Íslandi kl. 9 að íslenskum tíma. Brunað var heim á Reykhóla og vorum við komin heim kl. 15. Það voru ánægðir nemendur, kennarar og foreldri sem komu heim eftir vel heppnaða Danmerkurferð.

19. FÉLAGSSTARF

Haustið byrjaði á hefðbundinn hátt þar sem haldið var opið hús annan hvern fimmtudag, en stundum þó hvern fimmtudag. Starfsmannaskipti voru á árinu en Rebekka Eiríks hætti í lok janúar og Elísabet Ingibjörg Valdimarsdóttir tók við starfinu.

Helstu viðburðir vetrarins:

- 8.-10. bekkur tók þátt í Landsmóti Samfés sem haldið var á Hvolsvelli. Það stendur yfir helgi og taka krakkarnir þátt í margvíslegum námskeiðum og skemmtilegheitum. Áslaug tók að sér að fara með krakkana á vegum félagsstarfsins.
- Vegna veðurs var ekki farið á Æskulýðsbalið í Borgarnesi í byrjun nóvember. Og ekki heldur í bústað eins og gert hefur síðastliðin tvö ár. En veður og breytingar á tímasetningu á smiðjuhelgi röskuðu því að hægt væri að nýta ferðina í hvort tveggja.
- Foreldrar sáu um að keyra á jólaballið á Varmalandi í desember.
- Gistipartí var haldið í lok janúar. Þar var eldað saman og gíst í skólanum. Foreldrar voru fengnir til að hjálpa til með eftirlit.
- Samfestingurinn var haldinn í byrjun mars.
- Lyngbrekkuball í Hvalfirði í lok apríl.
- Lokaball að kveldi síðasta skóladags 14. maí þar sem allur skólinn skemmti sér saman.

Fjáröflun

- ✓ Vörusala
- ✓ Þítsadagur í nóvember og apríl
- ✓ Kaffisala á öskudag

- ✓ Bingó á sumardaginn fyrsta
- ✓ Sjoppa
- ✓ Dósatalning
- ✓ Bió fyrir yngri hópana

20. SKÝRSLA LEIKSKÓLADEILDAR

Börn á leikskólanum voru 18 talsins, sex strákar og tólf stelpur. Einn starfandi leikskólakennari er í skólanum í 90% starfshlutfalli og er hann jafnframt deildarstjóri. Í leikskólanum störfuðu 3 starfsmenn, tveir í 100% starfi og einn í 90% starfi.

20.1 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Aðalmarkmið leikskólans er að börnunum líði vel. Reynt er að líta á styrkleika og áhugamál hvers og eins og vinna út frá þeim. Mikið tónlistarstarlíf einkenndi veturinn.

20.2 DAGLEGT STARF

Dagurinn byrjar á samverustund með söng og umræðum, sagðar sögur og fleiri uppákomur. Samverustundin endar svo á „sólarhring“ þar sem börnin fá tækifæri til að tjá sig um líðan sína og þeirra sem eru í kring um þau (senda þeim sem þurfa sól).

Hópastarf er nýtt í ýmis verkefni og þar er reynt að hafa áhugamál barnanna og þarfir þeirra í fyrirrúmi. Leikskólinn er að taka upp myndræna skráningu og reynt er að leggja áherslu á ferlið en ekki útkomuna í starfinu.

Útivera er stór þáttur í starfi leikskólans. Lögð er áhersla á að börnin læri að njóta útiverunnar, þau læri að klæða sig eftir veðri og öðlist færni í grófhreyfingum með því að vera úti. Reynt er að fara út á hverjum degi.

Á **þriðjudögum** eru vettvangsferðir með eldri hópinn. Þá er farið út af skólalóðinni og út í náttúruna eða staðir í nærumhverfinu skoðaðir. Markmið er að kynna börnunum það umhverfi sem þau búa í en það er að okkar mati lykilinn að því að vekja áhuga þeirra á sjálfbærni.

Í vetur var „könnunarleikurinn“ innleiddur á leikskólann og fór yngri hópurinn í hann á þriðjudögum. Þetta hefur gengið vel og vakið ánægju barna og starfsmanna.

Hádegismatur er borðaður í matsal Reykhólaskóla. Eftir hádegismatinn er hvíld þar sem yngri börnin hvíla sig á dýnum meðan þau hlusta á tónlist eða sögur. Þeim eldri er skipt í tvo hópa og er lesið fyrir þau. Bækurnar sem eru lesnar eru skráðar og hengdar upp þannig að þær myndi langan orm.

20.3 SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA.

Skólahópur var tekinn út í sérstök verkefni sem tengdust undirbúningi skólagöngu. Verkefnin voru fjölbreytt og var val á þeim miðað við þarfir hópsins hverju sinni. Skólahópurinn var með 1. bekk í leikfimi tvisvar í viku. Einnig var þeim boðið í sund einu sinni að vori með yngstu nemendum grunnskóladeildar. Þegar skólaárið var komið vel af stað fékk skólahópurinn að koma í tíma hjá fyrsta bekk einu sinni í viku og féllu þá verkefnin innan leikskólans niður á móti.

Á föstudögum hafði leikskólinn aðgang að listasmiðju og fór þá öll leikskóladeildin þangað og vann að verkefnum. Eins höfðum við aðgang að íþróttasal skólans og bókasafninu einu sinni í viku. Leikskólinn hafði aðgang að skólaseli þegar ekki var starfsemi þar. Allt þetta gerir það að verkum að góð samfella skapast milli skólastiga og börnin þekkja grunnskólaumhverfið vel þegar þar að kemur. Skólaselið kom í heimsókn í útiveru eftir hentisemi og samkomulagi. Stefnt er að því að auka samstarfið milli skólastiga enn frekar næsta vetur.

Á fimmtudögum voru haldnir fagnaðarfundir þar sem börnin skiptust á að vera með atriði t.d. leikrit, söng, ræður, ævintýri eða annað sem þeim datt í hug.

Skóli á grænni grein. Við í leikskólanum endurvinnum úrgang og ræðum það við börnin. Á hverjum degi var valinn einn á leikskólanum til þess að vera þjónn

og veðurfræðingur. Hann gegnir því hlutverki að gá til veðurs, undirbúa kaffið og ganga frá, fer út með moltuna með starfsmanni. Einnig förum við reglulega í vettvangsferðir niður á ruslahauga til þess að skoða endurvinnsluna.

21. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA

Skólastjóri skilar inn skýrslum um stöðu skólamála á hverjum fundi sem mennta- og menningamálanefnd heldur og verða þær birtar hér að neðan í tímaröð.

Skólabyrjun 2013-2014

Byrjað var á starfsdegi þann 15. sept. þar sem allt starfsfólk skólans hittist. Farið var yfir áætlanir skólans (eинeltisáætlun, móttökuáætlun og áætlun gegn ofbeldi) en áætlanirnar voru unnar á síðasta skólaári. Starfsmenn fengu afhenta handbók sem hefur að geyma starfsáætlun skólans, skóladagatal sem og áætlanirnar sem taldar voru upp hér að ofan. Unnið var í hópum við að koma skólanum í rétt horf. Ekki voru gerðar breytingar á skólanum að öðru leyti en að skólaselið var tekið til notkunar, settar voru umferðareglur um alla grunnskóladeildina. Einnig voru settar upp sjónrænar merkingar um allan skólann þar sem mikil áhersla verður lögð á tákni með tali í skólanum þennan vetur.

Leikskóladeildin opnaði svo strax daginn eftir þann 16. ágúst. Skólasetning grunnskóladeildar var þann 21. ágúst.

Tímabilið 21. ágúst – 30. september 2013

Haldin var samskiptavika dagana 26.-30 september með það að markmiði að efla tengsl nemenda strax í skólabyrjun og hefja skólaárið á jákvæðum og góðum samskiptum. Opin foreldravika var líkt og í fyrra í sömu viku og nám og gleði (vikuna 2.-6. sept.). Nám og gleði var svo með með allra svipuðu sniði og árið á undan. Áslaug sérkennari hélt fræðsluerindi um lesblindu.

Íþróttamót í Borgarnesi féll niður vegna veðurs og verður líklega ekki þetta árið en það féll einnig niður árið þar á undan. Það var hreinsunardagur í skólanum þar sem nemendur tóku lóðina í gegn. Þá sérstaklega stéttina að framanverðu og njóla við bílplan. Í tilefni að degi íslenskrar náttúru var sett upp stórglæsileg ljósmyndasýning þar sem hvert og eitt barn skólans er á einni mynd úti í

íslenskri náttúru. Sýningin mun hanga uppi út skólaárið og myndirnar verða svo til sölu í lok skólaárs.

Eins og flestum er kunnugt kom forseti Íslands í heimsókn til okkar þriðjudaginn 17. september og var honum fylgt inn í allar stofur þar sem hann hitti og spjallaði við nemendur, í lok heimsóknar sungu allir nemendur skólans lög sem öll höfðu tengingu hér í sveit. Steinunn Rasmus spilaði undir, það náðist að skapa mikla eftirvæntingu og gleði í kringum heimsóknina og voru nemendur almennt mjög ánægðir með heimsóknina. Forsetavikan endaði svo með ljúfum tónum frá Balkanskaganum en til okkar komu fjórir tónlistarmenn á vegum verkefnisins Tónlist fyrir alla.

Alvaran tók svo heldur betur völdin strax á mánudeginum eftir annasama viku en þá byrjuðu samræmd próf hjá 4., 7. og 10. bekk.

Farið var í árlega haustferð Reykhólaskóla og fór bæði leik- og grunnskólinn í þá ferð. Farið var í Barmahlíð og niður í fjöru þar sem voru grillaðar pylsur.

Anna Greta Ólafsdóttir

Tímabilið 1. október – 2. desember 2013

Skólastarfið í Reykhólaskóla hefur gengið vel á þessu tímabili. Einn nemandi í grunnskólanum og einn í leikskóla hættu um miðjan október. Tveir nemendur bættust við í grunnskólahópinn, einn í 10. bekk og einn í 3. bekk.

Þann 7. október var **sameiginlegur starfsdagur með Auðarskóla í Dalabyggð**. Byrjað var á að hlusta á fyrirlestur á vegum Heilsuborgar þar sem fjallað var um heilsu, mataræði og lífsstíl. Síðan notuðu kennarar tækifærið og spjölluðu við fagkennara í skólanum og báru saman bækur sínar.

Ruglumbulludagurinn var haldin þann 16. október þar sem nemendur og kennarar mættu í náttfötunum eða höfðu klætt sig í fötin úthverf.

Sérfræðingar Reykhólaskóla komu í lok október.

Vísindavikan, 28. október – 1. nóvember. Sett var upp vísindahorn þar sem nemendum gafst kostur á að prófa ýmiss konar hluti. T.d. hvernig er lyktar-,

bragð- og snertiskynið hjá þeim. Tengja rafmagn, hvað flýtur og hvað sekkur. Nemendur höfðu mjög gaman af þessu.

Starfsdagur 4. nóvember. Dagurinn byrjaði á fyrirlestri hjá Maríu Játvarðardóttur um jákvætt hugarfar og síðan tók við Sesselja kennari í Auðarskóla með fyrirlestur um jákvæða hegðun. Síðan vann hver að sínu verkefni.

Foreldrasamtölum var frestað um viku eða til 13. nóvember. Góð mæting var hjá foreldrum.

Smíðjuhelgi 8.-9. nóvember hjá nemendum í 8.-10. bekk á Varmalandi. Foreldrar sáu um akstur og gæslu.

Vandvirknisvikan 18.-22. nóvember þar sem lögð var áhersla á að nemendur vönduðu sig í samskiptum, umgengni og vinnu.

Fullveldishátíð Reykhólaskóla var haldin 29. nóvember þar sem yfirskrift hátíðarinnar var „Fólkið í húsinu“. Rebekka og Áslaug tóku að sér að útfæra sviðið og síðan sáu umsjónarkennarar um að útfæra leikþætti með sínum hópum. Tókst hátíðin vel í alla staði.

Anna Greta fór í veikindaleyfi 25. nóvember og tók Ásta Sjöfn við skólastjórastarfinu. Rebekka tók við umsjón hjá 5.-6. bekk og hluta af kennslu frá Ástu Sjöfn. Eftir áramót mun Svanborg taka við íslenskukennslu af Ástu Sjöfn. Um áramótin þurfti að breyta stundaskrá kennara og nemenda.

Ráðin var iðjuþjálfar hjá Reykhólahrepp í 70% starf og mun hún hefja störf 2. janúar. Skólastjóri, hjúkrunarforstjóri ásamt iðjuþjálfar skoða hvar þörfin er mest. Ákveðið var að iðjuþjálfar yrði 40% í Reykhólaskóla og 30% í Barmahlíð.

Búið er að ganga frá tölvukaupum fyrir skólann í stað þeirra sem keyptar voru síðastliðið vor. Keyptar voru 7 borðtölvur og 8 fartölvur sem verða afhentar kennurum, deildarstjóra á leikskóla og þroskaþjálfar til afnota til sinna starfa.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir

Tímabilið 2. desember – 31. mars.

Desember: Undirbúningur fyrir jólin. Nemendur leikskóladeildar bökuðu piparkökur og buðu síðan foreldrum í kaffi. Mjög vel heppnað.

Jólaball Reykhólaskóla var síðan haldið 20. desember þar sem grunnskóla- og leikskólabörn dönsuðu í kringum jólatré og jólasveinarnir mættu á svæðið. Boðið var upp á hangikjöt fyrir nemendur og starfsfólk og möndlugjafir gefnar. Ekki voru nein börn í leikskólanum á milli jóla og nýárs og fengu starfsmenn að vera í frí þessa daga.

Janúar: Skóli hófst eftir jólafrí 2. janúar með starfsdegi. Nýr starfsmaður kom í hópinn og er það hún Sandra Rún Björnsdóttir iðjuþjálfari og er hún í 40% starfi í skólanum. Lovísa Ósk Jónsdóttir var ráðin á leikskólann vegna fjölgunar barna á leikskólanum. Var hún ráðin inn í 100% starf. Ákveðið var að hafa starfsmannafund fyrir grunnskóladeildina alltaf einu sinni í mánuði og varð fyrir valinu fyrsti þriðjudagurinn í mánuði. Þetta var gert til að tryggja upplýsingaflæði til allra.

Nemendur mættu síðan í skólann 3. janúar. Örlítill afföll urðu á nemendum, einn nemandi í 10. bekk hætti. Svólítið var um veikindi hjá starfsfólki í janúar en með flottu starfsfólki tókst þetta mjög vel. Einnig var færð á vegum þannig að starfsfólk utan þéttbýlis komst ekki til vinnu.

Breytingar urðu á stundatöflu og voru tilfæringar á milli starfsmanna. Rebekka fór í 100% starf og Lóa fór í 100% starf og kennsla skólastjóra (Ástu Sjafnar) minnkaði niður í 10 kennslustundir á viku.

Febrúar: Annaskipti voru 10. febrúar og hófust þau með starfsdegi hjá grunnskólanum. Foreldraviðtöl voru síðan 12. febrúar. Upp kom örlítið vandamál með einkunnaspjöld, að ekki reyndist vera pláss fyrir mætingu nemenda og því var ákveðið að skólastjóri sendi út mætingu nemenda hver mánaðamót. Hefur þetta mælst vel fyrir.

Rebekka Eiríksdóttir hætti með félagsstarfið hjá nemendum og við tók Elísabet Valdimarsdóttir.

Góðverkavika var haldin 17. – 21. febrúar. Nemendur voru hvattir til að gera eitt góðverk á dag og tókst það mjög vel. Voru nemendur hjálpsamir og góðir hvert við annað.

Sérfræðingarnir okkar komu í heimsókn 24. febrúar og er undantekningarlaust nóg að gera fyrir þá.

Mars: Þemadagar voru vikuna 10. – 14. mars og síðan var endað með árshátíð. Yfirskrift þemadaga var „fjölmíðlar“. Nemendur unnu ýmiss konar verkefni tengd fjölmíðlum og var heimasíða skólans og fésbóksíða skólans óspart notuð til að auglýsa. Nemendahópar voru blandaðir og var það mjög skemmtilegt. Kennarar og starfsfólk skólans vinna mjög óeigingjarnt starf í þessum vikum og fá bestu þakkir fyrir.

Þrír kennarar voru á fjarnámskeiði hjá Greiningarstöðinni, „einhverfa og grunnskólaaldurinn“. Greiningarstöðin kom síðan í heimsókn til okkar og hélt örnámskeið fyrir alla starfsmenn um einhverfu.

Danskennsla var í skólanum vikuna 24.-28. mars og fóru allir nemendur í grunnskóla og tveir elstu árgangarnir í leikskólanum í danskennslu. Jón Pétur danskennari sá um kennsluna.

Reykhólaskóli sá um að halda **stóru upplestrarkeppinna** þann 27. mars. Í keppninni voru 6 keppendur og stóðu þeir sig allir með þryði. Nemandi frá Finnbogastaðaskóla varð í fyrsta sæti, Aron Viðar frá Reykhólaskóla varð í öðru sæti og nemandi frá Hólmavík í þriðja sæti.

Nemendur í 3.-6. bekk tóku þátt í ljóðasamkeppni grunnskóla á Vestfjörðum. Ketill Ingi í 3. bekk fékk verðlaun fyrir ljóðið sitt „Fjölskyldan mín“.

Nemendur í 8.-10. bekk fóru á **smiðjuhelgi á Varmalandi 28.-29. mars**. Mjög skemmtilegt og áhugavert og vonandi fær Reykhólaskóli að vera þátttakandi í smiðjuhelgum sem lengst.

Nýr og gamall nemandi byrjaði í skólanum 31. mars. Hún verður búsett í Fremri-Gufudal. Það mun ekki hafa nein áhrif á leikskólanemendur í skólabíl.

Ég vil hvetja alla til þess að vera duglega að fylgjast með heimasíðu Reykhólaskóla og fésbókarsíðu skólans. Þar koma fram ýmiskonar upplýsingar um það sem er framundan og hvað er verið að gera.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir

Tímabilið 1. apríl – 30. júní.

Apríl: Nemendur í unglingsdeild voru með pítsadag þann 1. apríl. Eitt af meginmarkmiðum dagsins var að safna fyrir Danmerkurferð sem fara á í maí.

Páskafri í grunnskóladeild var 11. apríl – 22. apríl. Fámenni var á leikskólanum og fengu starfsmenn einn frídag í Dymbilvikunni. Skóli hófst á sameiginlegum starfsdegi. Starfsmenn voru á sameiginlegu upprifjunarnámskeiði í skyndihjálpi. Eftir það unnu starfsmenn að sínum verkefnum. Skólastjóri fór í að telja lausafjármuni í skólanum.

Hið árlega **Lyngbrekkuball** var haldið þann 30. apríl og fór Elísabet Valdimarsdóttir starfsmaður félagsstarfsins með þeim.

Maí: Prófatörn hjá nemendum var vikunna 5.-9. maí. Síðasti kennsludagur var 14. maí. Var þá haldinn hinn svokallaði „húllumhæ-dagur“, þar sem kennarar og starfsmenn skipulögðu öðruvísi dag.

Dagskrá:

| | |
|---------------|---|
| 08:30 – 10:00 | Íþróttir hjá nemendum 5.-10. bekkjar og tiltekt í stofum hjá öllum nemendum. |
| 10:00 – 11:00 | Fjárjósleit um Reykhóla. Kolfinna Ýr sá um skipulagningu. |
| 11:00 – 12:20 | Tækniþraut. Nemendur fengu það verkefni að byggja turn 90 cm háan og hann átti að bera uppi 4 steina. Til verksins fengu þau dagblöð, límband, morgunverðarkassa og band. Áslaug og Steinunn sáu um skipulag. |
| 12:20 – 12:50 | Hádegisverður. Grill að hætti Ingvars og Hjalta. |
| 12:50 – 14:00 | Tarsanleikur í íþróttasalnum. Lóa og Rebekka sáu um skipulag. |
| 14:00 – 15:00 | Sund. |

Vorhátíð leikskóladeildar var haldin 12. maí. Það voru þrjú nemendur útskrifaðir úr leikskólanum að þessu sinni en það voru þau Birgitta Rut Brynjólfssdóttir,

Gísli Samúel Leifsson og Hildigunnur Sigrún Eiríksdóttir. Foreldrafélag leikskólans sá um að grilla pylsur fyrir nemendur og síðan fóru þau í fjársjóðsleit í leikskólanum þar sem allir fundu sápukúlur.

Skólaslit grunnskóladeildar voru þann 22. maí kl. 20 í Reykhólakirkju. Útskrifaðir voru þrír nemendur í 10. bekk, þau Bartek Witkowzcky, Hulda Kristín Ragnarsdóttir og Sindri Júlíus Bjarnason, sem jafnframt fékk viðurkenningu fyrir vinnusemi og mætingu í dönsku. Verðlaunin gáfu danska sendiráðið á Íslandi. Síðan var foreldrum og velunnurum boðið í Reykhólaskóla þar sem sýning var á munum nemenda í textíl, myndmennt og smíði. Ingvar og Hjalti höfðu síðan veg og vanda af glæsilegu kaffihlaðborði fyrir nemendur og foreldra.

Nemendum í leikskóladeild fækkaði þó nokkuð þegar akstur grunnskólabarna hætti og er útlit fyrir að nemendur verða einungis tíu í júní. Einn starfsmaður fór í leyfi 18. maí og var ákveðið að ráða ekki annan starfsmann í hans stað. Síðasti dagur leikskólans verður 29. júní og mun hann opna aftur 13. ágúst.

Skólastjóri Reykhólaskóla, Anna Greta Ólafsdóttir sem nú er í fæðingarorlofi, hefur sagt starfi sínu lausu og ekki er ljóst hver mun taka við starfi hennar á næsta skólaári.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir

22. ÞRÓUNARVERKEFNI

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni með það að markmiði að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga skrefin sjö sem tíunduð eru hér að neðan. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Áætlað var að flagga grænfánanum vorið 2014 en því var seinkað til vors 2015.

Á leikskólanum var mikið verið að endurvinnna úrgang og rætt um það við börnin. Á hverjum degi var valið barn á leikskólanum til þess að vera þjónn og veðurfræðingur sem gegndi því hlutverki að athuga veðrið, undirbúa kaffið og ganga frá eftir kaffið. Hann fer einnig út með moltuna með starfsmanni.

Í haust vann Anna Greta Ólafsdóttir að starfsáætlun fyrir Reykhólaskóla. Á vordögum fékk svo skólinn hrós frá menntamálaráðuneytinu fyrir vel unna starfsáætlun.

23. STUNDASKRÁR

Hér að neðan birtast stundaskrár allra bekkja og hópa fyrir skólaárið 2012-2013

23.1 STUNDASKRÁ 1. OG 2. BEKKJAR

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---------|--|-----------------------|-----------------------|--------------------------------|-----------------------|
| 08:30 – | Umsjón SR | Umsjón SR | Myndmennt RE | Umsjón SR | Umsjón SR |
| 09:10 – | Umsjón SR | Umsjón SR | Myndmennt RE | Umsjón SR | Umsjón SR |
| 10:00 – | Umsjón SR | Umsjón SR | Umsjón SR | Umsjón SR | Umsjón SR |
| 11:00 – | Textíl/smíði/heimilisfr SR RE ÁSK | Sund KÝI | Umsjón SR | Íþróttir 1. b Skólasel 2. b | Samfélagsfræði KÝI |
| 11:40 – | Textíl/smíði/heimilisfr SR RE ÁSK | Skólasel | Umsjón SR | Íþróttir 2. b Skólasel 1. b | Enska ÁBG |
| 12:20 – | M | A | T | U | R |
| 12:50 – | Íþróttir 2. bekkur Skólasel 1. bekkur | Umsjón SR | Samfélagsfræði KÝI | Tölvur 1. b Skólasel 2. b | |
| 13:30 – | Íþróttir 1. bekkur Skólasel 2. bekkur | Skólasel | Skólasel | Tölvur 2. b Skólasel 1. b | |
| 14:20 – | Val RE/SG/KÝI/ÁBG | Samfélagsfræði KÝI | Skólasel | Námsver | |
| 15:00 | | | | | |

Undir umsjón eru: 7 íslenskutímar, 5 stærðfræðitímar, 3 náttúrufræði og 1 tónlist

23.2 STUNDASKRÁ 3. OG 4. BEKKJAR

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---------|--------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|---------------|
| 08:30 – | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI |
| 09:10 – | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI | Umsjón KÝI |
| 10:00 – | Umsjón KÝI | Myndmennt RE | Umsjón KÝI | Tölvur ÁSK | Umsjón KÝI |
| 11:00 – | Textíl/smíði/heimilisfr SR RE ÁSK | Myndmennt RE | Umsjón KÝI | Tónlist SR | Enska ÁBG |
| 11:40 – | Textíl/smíði/heimilisfr SR RE ÁSK | Sund KÝI | Samfélagsfræði ÁSK | Íþróttir SG | Umsjón KÝI |
| 12:20 – | M | A | T | U | R |
| 12:50 – | Íþróttir SG | Samfélagsfræði ÁSK | Skólasel | Samfélagsfræði ÁSK | |
| 13:30 – | Samfélagsfræði ÁSK | Skólasel | Skólasel | Skólasel | |
| 14:10 | | | | | |
| 14:20 – | Val RE/SG/KÝI/ÁBG | Skólasel | Skólasel | Námsver | |
| 15:00 | | | | | |

Undir umsjón eru: 7 íslenskutímar, 5 stærðfræðitímar, 3 náttúrufræðitímar

23.3 STUNDASKRÁ 5. OG 6. BEKKJAR

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|------------------|----------------------|--------------------|-----------------|--------------------|----------------------|
| 08:30 – 09:10 | Íþróttir SG | Umsjón RE | Íþróttir SG | Íþróttir SG | Umsjón RE |
| 09:10 – 09:50 | Íslenska SG | Umsjón RE | Enska ÁBG | Umsjón RE | Umsjón RE |
| 10:00 – 10:40 | Umsjón RE | Náttúrfræði KÝI | Umsjón RE | Íslenska SG | Enska ÁBG |
| 11:00 – 11:40 | Náttúrfræði KÝI | Íslenska SG | Myndmennt RE | Náttúrfræði KÝI | Heimilisfræði ÁSK |
| 11:40 – 12:20 | Enska ÁBG | Íslenska SG | Myndmennt RE | Umsjón RE | Heimilisfræði ÁSK |
| 12:20 – 12:50 | M | A | T | U | R |
| 12:50 – 13:30 | Umsjón RE | Sund KÝI | Íslenska SG | Textíl SR | |
| 13:30 – 14:10 | Tölvur RE | Smíði RE | Íslenska SG | Textíl SR | |
| 14:20 – 15:00 | Val RE/SG/KÝI/ÁBG | Smíði RE | Tónlist SR | Námsver | |

Undir umsjón eru: 4 samfélagsfræðitímar og 5 stærðfræðitímar

23.4 STUNDASKRÁ 7. TIL 10. BEKKJAR

| | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|------------------|----------------------|----------------------|----------------------|--------------------|-----------------------|
| 08:30 – 09:10 | Íþróttir SG | Íslenska SG | Íþróttir SG | Íþróttir SG | Enska ÁBG |
| 09:10 – 09:50 | Tölvur RE | Samfélagsfræði SG | Stærðfræði SG | Stærðfræði SG | Danska ÁBG |
| 10:00 – 10:40 | Samfélagsfræði SG | Stærðfræði SG | Íslenska SG | Náttúrfræði KÝI | Smíði/myndmennt RE |
| 11:00 – 11:40 | Stærðfræði SG | Danska ÁBG | Danska ÁBG | Enska ÁBG | Smíði/myndmennt RE |
| 11:40 – 12:20 | Íslenska SG | Enska ÁBG | Náttúrfræði KÝI | Danska ÁBG | Smíði/myndmennt RE |
| 12:20 – 12:50 | M | A | T | U | R |
| 12:50 – 13:30 | Náttúrfræði KÝI | Sund KÝI | Textíl SR | Íslenska SG | |
| 13:30 – 14:10 | Enska ÁBG | Stærðfræði SG | Textíl SR | Íslenska SG | |
| 14:20 – 15:00 | Val RE/SG/KÝI/ÁBG | Íslenska SG | Samfélagsfræði SG | | |

24. NIÐURSTÖÐUR

Skólaárið 2013-2014 var skemmtilegt og fjölbreytt. Skólastarfið gekk áfallalaust fyrir sig. Breytingar voru gerðar á skipulagi skólans þegar Anna Greta fór í fæðingarorlof. Skólinn stefnir að því að vera með starfið sífellt í endurskoðun og tryggja að hver nemandi fá kennslu og þjálfun við sitt hæfi.